

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 10. desember 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Helga Guðrún Johnson, greinir frá útfærslu markmiða þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Liðurinn féll niður þar sem Helga Guðrún Johnson boðaði forföll.

2. Frágangur skýrslu til mennta- og menningarmálaráðuneytis um störf Íslenskrar málnefndar tímabilið 2015-2019.

Farið var yfir drög að skýrslunni. Skýrslan verður send til fullskipaðrar málnefndar áður en hún verður send til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

1. Önnur mál

a. Tilkynningar um borð í flugvélum Icelandair

Íslenskri málnefnd barst bréf frá Gesti Hrólfsyni þar sem hann gerir athugasemd við að tilkynningar í flugi hjá Icelandair séu fyrst fluttar á ensku og síðan á íslensku. Hann sendi kvörtun til flugfélagsins og skoraði á málnefndina að beita sér í þessu máli.

Íslensk málnefnd skrifaði Icelandair og minnti á lög um íslenska tungu og hvatti flugfélagið til að nota íslensku sem fyrsta mál í vélum sínum.

b. Málfragnir

Vefritið Málfragnir er komið út. Meginefni Málfragna er að þessu sinni erindi frá málræktarþinginu sem haldið var 26. september 2019.

c. Myndataka

Teknar voru myndir af stjórn Íslenskrar málnefndar.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.15.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.